

Kæri nemendur - Gleðilega hátíð – sent 29. desember 2023

Stundatöflur vorannar 2024 (see English below)

Stundatöflur nemenda eru sýnilegar í Innu fyrir þau sem greitt hafa skólagjöld vorannar. Athugið að þið þurfið að nota rafræn skilríki eða íslykil til að komast inn á Innu. Þið eruð öll hvött til að skoða töfluna vel og vandlega. Ef þið eigið ógreidd skólagjöld þá opnast Inna fyrsta virka dag eftir að skólagjöldin eru greidd.

Eldri nemendur sem telja sig þurfa töflubreytingu eiga að sækja um sem allra fyrst í gegnum Innu. Leiðbeiningar um það eru í Innu undir Aðstoð. Breyttar töflur birtast í Innu eftir því sem þær vinnast en vinnan við breytingarnar hefst 2. janúar. Ef töflubreytingu er hafnað þá er það oftast vegna þess að hópar eru fullir. Ekki er hægt að sækja um P-áfanga í töflubreytingum. Þeir sem hafa sótt um P-áfanga ættu að vera komnir með þá inn í Innu eða það mun gerast á næstu dögum. Hægt er að biðja um töflubreytingar í gegnum Innu til og með fimmtudeginum 4. janúar. Eftir það þarf að fara til námstjóra eða áfangastjóra með töflubreytingar. Við hvetjum ykkur öll til að ganga frá þessu sem fyrst.

Námsgagnalisti/bókalisti er aðgengilegur í Innu.

Nýnemar vorannar geta ekki gert töflubreytingar í Innu. Ef þið þurfið breytingar þá getið þið komið og hitt námstjóra eða áfangastjóra 3. janúar, fyrir eða eftir kynninguna 3 janúar í stofu 11.

Timetables for spring 2023

Students who have paid their tuition fee can check their timetable on Inna. If you are an IB student all your changes have to go through Guðmundur Arnlaugsson who is the IB-coordinator.

Teaching will start on Friday, January the 5th at 8:20. The booklist/námsgagnalisti is accessible in Inna.

Skólinn hefst föstudaginn 5. janúar kl. 8:20 skv. stundaskrá.

Kv Helga konrektor